Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Dalabyggð
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. júní 2016
UST201605-072/K.S.J.
10.04.03

**Efni: Tillaga að deiliskipulagi Lauga í Sælingsdal**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar, A-Barðastrandarsýslu er barst 9. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Lauga í Sælingsdal.

**Skipulagssvæðið**

Skipulagssvæðið er í hlíðum Laugafells í Sælingsdal. Samkvæmt greinargerð tekur skipulagið til Lauga í Sælingsdal (landnr. 137723) og Lauga (landnr. 137722).

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er í hlíðum Laugafells í Sælingsdal. Svæðið er gróið en klettaholt á milli. Skógrækt er á vestanverðu svæðinu og rennur Sælingsdalsá um austurmörk þess. Svæðið er skjólsælt og kjörið til útivistar. Skv. aðalskipulagi Dalabyggðar 2004 – 2016 er svæðið við Laugar í Sælingsdal hverfisverndað.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri deiliskipulagstillögu gerð skýr grein fyrir skipulagssvæðinu s.s. náttúrufari, skipulagsskilmálum, veitum o.þ.h.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson

Björn Stefánsson
Sérfræðingur